Akureyrarbær
b.t. skipulagsfulltrúa
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri, júlí 2018

Verkfræðistofan Efla, fyrir hönd Akureyrarbæjar og Norðurorku, sækir hér með um framkvæmdaleyfi til Akureyrarbæjar skv. 13 gr. skipulagslaga nr.123/2010, vegna framkvæmda samkvæmt gildandi aðal- og deiliskipulagi.
Sótt er um leyfi til að koma fyrir um 35.000 m³ af mold/jarðvegi á Tjaldsvæðinu á Hömrum. Þessi jarðvegur er tilkomin vegna framkvæmda Akureyrarbæjar og Norðurorku við Naustahverfi VII – Haga og er í samræmi við framkæmdarleyfi þeirrar framkvæmdar. Jarðvegurinn verður nýttur í landmótun á tjaldsvæðinu, á flötum 19 og 20 skv. deiliskipulagi og meðfylgjandi uppdrætti.

Svæðið sem verður jafnað afmarkast af Kröflu- og Laxárlínu landsnets til vesturs og austurs, mörkum Hamrasvæðsins til norðurs og stærðum flata til suðurs eins og sýnt er á uppdrætti. Um er að ræða gróið svæði sem er nýtt sem beitarhólf.
Til að svæðið nýtist sem best þarf að fylla í dældir og draga úr halla og hafa sem jafnastan. Stefnt er að því að þessari grófjöfnun yrði að mestu lokið næsta vor þ.a. hægt væri að fínvinna a.m.k. vestari hluta flatanna næsta sumar.



Yfirlitsmynd með deiliskipulagi.

Lagnir á svæðinu:
Haft verður samráð við Landsnet vegna nálægðar við línur og ásættanlegrar fjarlægðar frá þeim. Norðurorka á háspennustreng og vatnslögn sem gæti lent inní aðkomuvegi að losunarsvæði og einnig á Rarik strengi á svæðinu. Samráð verður haft við viðkomandi aðila.

Aðkoma og umferð:
Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist eftir í byrjun ágúst þegar dregið hefur úr umferð á tjaldsvæðið. Aðkoma verður frá Kjarnavegi en gera þarf aðkomuslóða að og innan losunarsvæða. Hugsanlega má nýta slóða sem í dag er nýttur sem reiðvegur og aðkoma. Með því að styrkja slóðann væri hann aðkoma sunnan flatanna.

Ofanvatn:
Í dag liggur lækur ofan við svæðið en þverar svo væntanlegar flatir áður en hann rennur í átt að Flugmynjasafni. Þessi lækur getur verið mjög vatnsmikill í leysingum og gert ráð fyrir að hann verði færður og rofvarinn ofan við flatirnar. Til að geta fært farveginn þarf að hækka landið þar sem farvegurinn sveigir nú til suðurs og ræðst hæð fyllingar að miklu leiti af því. Við það að hækka farveginn þarf einnig að hækka land og aðlaga á kafla norðan farvegar.

Núverandi aðalskipulag:
Skv. aðalskipulagi er reiðleið sýnd í gegnum nyrsta hluta flatanna. Á þeim hluta er fyllingin hvað lægst og engin vestast. Fyllingin nýtist svæðinu hvort sem flatir verða minnkaðar eða reiðleið færð, þannig að á þessu stigi er óþafi að taka endanlega ákvörðun um staðsetningu reiðstígs/flata.

Það er mat undirritaðs að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki matskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000.

Virðingarfyllst,

_____
Kristinn Magnússon
Verkfræðingur